

framgangreindra skráa fellur ekki undir almenna ákvæðið um birtingu skv. 2. gr. laga nr. 64/1943.

Stefndi hefur ekki sýnt fram á, svo að öyggjandi sé, að skrárnar hafi ekki fengist birtar í B-deild Stjórnartíðinda.“

S é r a t k v æ ð i

Björns Helgasonar og Freys Ófeigssonar.

Telja verður, að með birtingu samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 hafi verið átt við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Í máli þessu þykir stefndi hafa leitt nægjanlega í ljós, að umræddar skrár hefðu ekki fengist birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

Með hliðsjón af framkvæmd umræddrar lagagreinar frá gildistöku hennar telst birting sú, sem fram fór af hálfu stefndu borgarstjórnar Reykjavíkur nægjanleg. Ber því að sýkna stefnda af kröfum um stefnanda og fella niður málskostnað í þessum þætti málsins.

Mánudaginn 22. júní 1992.

Nr. 6/1992. **Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar**

(Ragnar Halldór Hall hrl.)

gegn

Reykjavíkurborg

(Magnús Óskarsson hrl.).

Frávísun. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Freyr Ófeigsson og Eiríkur Helgason.

Málið, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 12. þ.m., um framkomna frávísunarkröfu, er höfðað með stefnu birtri 8. maí sl.

Stefnandi er Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, Grettisgötu 89, Reykjavík.

Stefndi er Reykjavíkurborg, Ráðhúsi Reykjavíkur.

Dómkröfur stefnanda eru, að viðurkennt verði, að sjúkraþjálfarar, sem eru félagar stefnanda og starfa á Borgarspítalanum, þ.m.t. yfirsjúkraþjálfari, fullnægi dagvinnuskyldu sinni með því að vinna 37,5 vinnustundir á viku og að uppsögn stefnda á þessu kjaraatriði 25. mars 1992 verði dæmd ólögmet.

Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi. Til vara krefst hann sýknu af kröfum stefnanda. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Í þessum þætti málsins er þess krafist af hálfu stefnanda, að frávísunarkröfunni verði hrundið og að stefnda verði gert að greiða málskostnað.

I.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að stefndi reki Borgarspítalan í Reykjavík. Meðal starfsmanna þar séu sjúkraþjálfarar, og séu þeir félagsmenn í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar. Málsaðilar hafi gert með sér kjarasamning 13. febrúar 1990, og hafi gildistími hans átt að vera frá 1. febrúar 1990 til 31. ágúst 1991. Nýr kjarasamningur hafi þó ekki enn verið gerður, og því sé enn farið eftir þessum kjarasamningi, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 94/1986. Kjarasamningurinn sé að stofni til frá 4. apríl 1987, en verið framlengdur með tilteknum breytingum síðan með sérstökum samningum, síðast 13. febrúar 1990.

Stefnandi kveður þá venju hafa gilt um langt árabil, að ýmsir starfsmenn Borgarspítalans hafi uppfyllt dagvinnuskyldu með því að skila 37,5 dagvinnustundum á viku. Sú venja hafi m.a. náð til starfsmanna á röntgendeild og til sjúkraþjálfara. Stefndi hafi með bréfum, sem send voru til stefnanda og til sérhvers viðkomandi starfsmanna, dags. 25.03.1992, tilkynnt þeim, að vikulegur dagvinnutími þeirra miðað við fullt starf sé 40 stundir samkvæmt kjarasamningi aðila, og beri því ekki að greiða þeim yfirvinnukaup, fyrr en þeim dagvinnustundafjölda hafi verið skilað að fullu. Síðan segi í þessum tilkynningum:

„Hafi verið um aðra framkvæmd að ræða en að ofan greinir, er henni hér með sagt upp með þriggja mánaða fyrirvara, og miðast upphaf uppsagnarfrests við 1. apríl 1992.“

Sjúkraþjálfarar, sem starfa á Borgarspítalanum, hafi um árabil

gert grein fyrir vinnu sinni á sérstökum eyðublöðum, sem merkt séu spítalanum. Þar komi skýrt fram, hve lengi viðkomandi starfsmaður hafi unnið hvern dag, og hafi vinnustundafjöldi orðið meiri en 7,5 stundir á tilteknum degi, hafi þess verið getið á skýrslunni sem yfirvinna. Þessar vinnuskýrslur séu yfirfarnar og áritaðar af yfirsjúkraþjálfara og síðan framsendar til launadeildar. Þar hafi launauppgjör farið fram á grundvelli slíkra vinnuskýrslna án athugasemda í fjölmörg ár.

Sjúkraþjálfarar á Borgarspítalanum hafi ekki viljað una þeirri uppsögn, sem að framan greinir, og óskað eftir því, að Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar léti á það reyna fyrir Félagsdómi, hvort stefnanda væri stætt á því að segja upp þessum hluta umsamlnna kjara þeirra með einfaldri tilkynningu.

Málsástæður og lagarök: Af hálfu stefnanda eru kröfur á því reistar, að leysa beri úr ágreiningi um dagvinnuskyldu þeirra félagsmanna stefnanda, sem eru sjúkraþjálfarar og starfa á Borgarspítalanum, á grundvelli kjarasamnings málsaðila. Þótt kjarasamningi þeirra frá 13. febrúar 1990 hafi verið sagt upp og hann samkvæmt efni sínu aðeins átt að gilda til 31. ágúst 1991, beri að fara eftir þeim samningi, uns nýr eða nýir verði gerðir, sbr. 12. gr. laga nr. 94/1986. Af því leiði, að stefndi geti ekki einhliða sagt tilteknum hluta samningsins upp, heldur verði hann eingöngu leystur af hólmi með nýjum samningi eða samningum.

Stefnandi bendir á, að um vinnutíma séu ákvæði í 2. kafla kjarasamningsins. Þar segi í grein 2.1.1.:

„Vinnuvika starfsmanns í fullu starfi skal vera 40 stundir, nema um skemmri vinnutíma sé sérstaklega samið. ...“

Stefnandi telur, að í reynd hafi verið um samið með venjubundinni framkvæmd þessa ákvæðis, að sjúkraþjálfarar við Borgarspítalann uppfylli dagvinnuskyldu sína með því að vinna 37,5 stundir á viku. Allt frá því að sjúkraþjálfarar komu fyrst til starfa hér á landi, fyrst á Landspítalanum og síðar á Borgarspítalanum, hafi þeim, sem réðu sig til slíkra starfa, verið gerð grein fyrir því, að dagvinnuskyldu sína leystu þeir með skemmri vinnutíma en gert sé ráð fyrir sem meginreglu í aðalkjarasamningi. Þetta komi einnig fram í starfslýsingum fyrir þessi störf.

Upphaflega hafi vinnustundafjöldi sjúkraþjálfara á sjúkrahúsum, bæði hjá stefnda og ríkisvaldinu, verið 36 stundir á viku, en síðar,

líklega í tengslum við gerð kjarasamninga á árinu 1974, hafi vinnuveitendur, þ.e. stefndi og ríkisvaldið, knúið fram breytingu á þessu og þá verið samið um 37,5 vinnustundir á viku. Bendir stefnandi á það í þessu sambandi, að viðsemjendurnir hafi þá ekki séð ástæðu til að setja um þetta atriði sérákvæði í kjarasamning aðila, þótt viðræðurnar um þessa breyttu tilhögun hafi þá farið fram við það félag, sem kom fram fyrir hönd sjúkraþjálfaranna við samningsgerðina. Að minnsta kosti hafi viðsemjendurnir á þeim tíma talið, að þetta væri ekki atriði, sem þeir ættu að ráða fram úr einhliða, heldur yrðu þeir að semja um það, um leið og samið væri um kaup og önnur starfskjör þessara launþega.

Í samræmi við þessa venju hafi öll vinna sjúkraþjálfara umfram 37,5 stundir á viku allt frá árinu 1974 verið greidd með yfirvinnukaupi. Ekki hafi verið hróflað við þessari venju við endurnýjun kjarasamninga síðan, heldur hafi ávallt verið gengið út frá tilvist hennar við gerð kjarasamninga. Stefnandi vekur sérstaklega athygli á því, að þessari venju hafi ekki eingöngu verið fylgt á þeim sjúkrahúsum, sem ríkisspítalar reka. Telur stefnandi augljóst, að tilvist venju þessarar hafi haft áhrif á það, hvernig samist hefur um kaup og kjör hjá þessum félagsmönnum hans þann tíma, sem venja þessi hefur verið við lýði.

Stefnandi heldur því fram, að ekki sé skilyrði slíks frávíks frá vinnutímaákvæði aðalkjarasamnings, að gerður sé skriflegur samningur. Telur stefnandi áralanga og óumdeilanlega framkvæmd við launauppgjör sýna, svo að ekki verði um villst, að stefndi hefur ekki talið þörf á því heldur. Umræddir starfsmenn hafi því mátt líta svo á, að venja þessi væri hluti kjarasamnings þeirra.

Stefnandi byggir einnig á því sem sjálfstæðri málsástæðu - verði ekki fallist á kröfur stefnanda á grundvelli þeirrar venju, sem skapast hefur um framkvæmd kjarasamningsins, - að með þeirri framkvæmd, sem verið hefur á launauppgjöri við þá félagsmenn stefnanda, sem málsókn þessi varðar, hafi orðið til sjálfstæður samningur eða samningsígildi, sem skoða beri sem hluta af kjarasamningi aðila. Rökstuðningur fyrir þessari málsástæðu sé hinn sami og hinni fyrri málsástæðu, og hvor þeirra um sig eigi að leiða til hinnar sömu niðurstöðu.

Stefnandi telur ágreiningsefni þetta sæta úrlausn Félagsdóms samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 26. gr. laga um kjarasamninga opin-

berra starfsmanna nr. 94/1986. Þar sem stefndi hafi með formlegum hætti tilkynnt þeim félagsmönnum stefnanda, sem mál þetta varðar, að því, sem stefndi kallar „framkvæmd“ varðandi vinnuskyldu þeirra, sé sagt upp með þriggja mánaða fyrirvara, eigi starfsmenn þessir ekki annarra kosta vöð til að ná rétti sínum en að fá viðurkenningardóm Félagsdóms um þetta álitaefni. Reki Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar málið fyrir þeirra hönd samkvæmt 4. mgr. 27. gr. laga nr. 94/1986.

II.

Stefndi styður frávísunarkröfu sína þeim rökum, að málið heyri ekki undir Félagsdóm samkvæmt lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Í 26. gr. laganna sé kveðið á um þau ágreiningsmál milli samningsaðila, sem Félagsdómur dæmi í, og séu þau tæmandi talin. Í 3. töl. 1. mgr. 26. gr. segi, að Félagsdómur skuli dæma um „ágreining um skilning á kjarasamningi eða ígildi hans“. Krafa stefnanda lúti að viðurkenningu á vinnufyrirkomulagi og vikulegum vinnustundafjölda, sem hann kveður „í reynd“ og samkvæmt „venju“ hafa verið 37,5 st. á viku. Stefnandi reyni ekki að vitna í kjarasamning kröfu sinni til stuðnings, enda sé hann ekki til. Málið snúist því ekki um skilning á kjarasamningi.

Í 10. gr. laganna segi: „Kjarasamningar skulu vera skriflegir.“ Þetta ákvæði hafi þá þýðingu, að Félagsdómur dæmi aðeins um tilvist eða efni skriflegs kjarasamnings samkvæmt 2. lið 44. gr. laga nr. 80/1938, sbr. dóm Félagsdóms 10. desember 1969, sem staðfestur hafi verið með dómi Hæstaréttar 1970.56. Þar hafi verið um ex officio frávísun að ræða, sem einnig gildi í þessu máli, en stefndi setji þó fram formlega kröfu um frávísun.

Stefndi bendir á, að stefnandi vitni réttilega í kjarasamning aðila þessa máls. Þar segi í gr. 2.1.1., að vinnuvikan sé 40 stundir, og því sé ekki haldið fram, að til sé „skriflegt samþykki samningsaðila“ um eitthvað annað, sbr. gr. 2.1.2. Krafa stefnanda um 37,5 st. vinnuviku eigi hvergi stoð í kjarasamningi, og þeir, sem séu samningsaðilar, þ.e. aðilar máls þessa, hafi aldrei um þetta samið utan kjarasamninga, hvorki formlega né óformlega. Því sé ekki til neitt, sem geti talist ígildi kjarasamnings um vinnutíma sjúkrahjálfa, sem unnt væri að bera undir Félagsdóm.

Stefndi styður og frávísunarkröfu sína með því, að lög nr. 94/1986 geri greinarmun á ráðningarsamningi og kjarasamningi stéttar-

félags, sbr. 24. gr. Skjöl máls þessa beri með sér, að sjúkraþjálfarar á Borgarspítalanum líti svo á, að ágreiningurinn snúist um ráðningarkjör, en þau verði ekki borin undir Félagsdóm. Stefnandi telji þó frekar, að um sé að ræða sérstakt vinnufyrirkomulag sjúkraþjálfara, sem ekki byggist á samningi, heldur framkvæmd á vinnustað þeirra, sem með öllu sé óljóst, hvenær og hvernig hafi komist á.

III.

Stefnandi mótmælir frávísunarkröfu stefnda og bendir á, að deila málsaðila snúist um túlkun á kjarasamningi. Skriflegir kjarasamningar geti ekki verið tæmandi um kjör aðila. Kjarasamningar skv. lögum nr. 94/1986 séu rammasamningar, og svo komi fleira til. Hér sé um að ræða ákvæði kjarasamnings um vinnutíma, og ekki megi skýra 26. gr. laganna svo þröngt, að ekki megi líta til annars en þess, sem skriflegt er. Í úrskurði Félagsdóms 6. apríl 1984 hafi frávísunarkröfu verið hrundið, og hafi hann verið staðfestur í dómi Hæstaréttar 10. maí 1984. Aftur hafi frávísunarkröfu verið hafnað 22. október 1984, og hafi það verið staðfest með dómi Hæstaréttar 20. nóvember s.á.

IV.

Kjarasamningar aðila máls þessa eru skriflegir, sbr. 10. gr. laga nr. 94/1986. Í núgildandi kjarasamningi þeirra eru í 2. kafla ákvæði um vinnutíma. Upphafsákvæði kaflans og þau, sem hér skipta máli, eru svohljóðandi:

2.1.1. „Vinnuvika borgarstarfsmanna í fullu starfi skal vera 40 stundir, nema um skemmri vinnutíma sé sérstaklega samið. Heimilt er að semja við Starfsmannafélagið um tilflutninga vinnuskyldu milli vikna eða árstíða.“

2.1.2. „Heimilt er að haga vinnu með öðrum hætti en í kafla þessum greinir eða samkomulagi starfsmanna stofnunar og með skriflegu samþykki samningsaðila.“

Ágreiningslaust er með málsaðilum, að viðvera sjúkraþjálfara á Borgarspítalanum hafi um nokkurt árabil verið innan við 40 dagvinnustundir. Ljóst er, að um vinnutíma þann, sem stefnandi krefst viðurkenningar á, hefur hvorki stofnast skriflegur kjarasamningur í merkingu 10. gr. laga nr. 94/1986 né ígildi slíks samnings. Ekki er heldur fyrir hendi „skriflegt samþykki samningsaðila“ skv. gr. 2.1.2. í kjarasamningi aðila um vinnutímann. Verður því eigi borið undir Félagsdóm, sbr. 3. tl. 1. mgr. 26. gr. nefndra laga, hvort

sjúkrapjálfarar, sem eru félagar í stefnanda og starfa á Borgarspítalanum fullnægi dagvinnuskyldu sinni með því að vinna 37,5 vinnustundir á viku.

Ber því að taka frávisunarkröfu stefnda til greina, en rétt þykir, að hvor málsaðili beri sinn málskostnað.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Félagsdómi.

Málskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i Eiríks Helgasonar.

Ég tel, að fyrir langa framkvæmd samningsaðila á lengd dagvinnutíma sjúkrapjálfara hafi stofnast ígildi skriflegs kjarasamnings milli þeirra, og beri því að hafna frávisunarkröfu stefnda.

Ég er sammála meiri hluta dómsins um málskostnað.

Dómur Hæstaréttar 13. ágúst 1992.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason, Pétur Kr. Hafstein og Þór Vilhjálmsson.

Hinn 24. júní sl. kærði sóknaraðili til Hæstaréttar frávisunardóm, sem kveðinn hafði verið upp í Félagsdómi 22. júní. Kröfur hans eru, að frávisunardómurinn verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir Félagsdóm að taka málið til efnisúrlausnar. Þá er krafist kærumálskostnaðar. Um kærueimild er vísað til 1. tl. 67. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.

Um málátvik vísast til hins kærða dóms.

Fyrir Hæstarétti liggur ekki að skera úr deilu málsaðila um vikulegan vinnutíma sjúkrapjálfara, heldur að segja til um, hvort Félagsdómur eigi að lögum að fjalla um deiluna. Í 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna segir, að Félagsdómur dæmi í „málum sem rísa á milli málsaðila um: ... 3. Ágreining um skilning á kjarasamningi eða gildi hans.“ Í 10. gr. sömu laga segir, að kjarasamningar skuli vera skriflegir, sbr. og 6. gr. laga nr. 80/

1938. Þegar af þeirri ástæðu, að í máli þessu er ekki deilt um skilning á skriflegum samningsákvæðum, verður að telja, að ekki sé um ágreining um kjarasamning að ræða í skilningi laganna frá 1986 og að Félagsdómur eigi þess vegna ekki lögsögu í málinu.

Hinn kærði frávisunardómur verður því staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði dómur er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 10. júlí 1992.

Nr. 7/1992.

Hið íslenska kennarafélag

(Viðar Már Matthíasson hrl.)

gegn

fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Kjarasamningur. Kennarar. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Valtýr Sigurðsson og Þorsteinn A. Jónsson.

Málið, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi fyrr í dag, er höfðað með stefnu birtri 18. júní sl.

Stefnandi er Hið íslenska kennarafélag, Lágmúla 7, Reykjavík.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að viðurkennt verði, að þeir félagsmenn stefnanda, sem eru kennarar við framhaldsskóla í Reykjavík á föstum mánaðarlaunum og taka að sér kennslu við sumarskóla Fjöl-